

## Af marxisma

Magnús Þór Snæbjörnsson. „Um Fredric Jameson.“ Í *Af marxisma*, ritstj. Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson, bls. 229-235. Reykjavík: Róttæka sumarútgáfan, 2012.

## Um Fredric Jameson

Fredric Jameson er án efa einn þekktasti bókmenntafræðingur samtímans. Hann hefur skrifað um ólíkustu efni: arkitektúr, raunsæisskáldssögur 19. aldar, rússneskan formalisma, sálgreiningu, kvikmyndir, myndlist, heimspeki og framúrstefnu, en ávallt út frá sínu aðalviðfangsefni: marxisma, sem, eins og Jameson bendir á í verkum sínum, er ótrúlega flókið svið, mun flóknara en oft er gefið í skyn með einföldunum og merkimiðum á borð við „yfirbygging“ og „grunnur“. Jameson fæddist í Cleveland í Ohio-ríki Bandaríkjanna árið 1934. Hann hóf nám í Haverford College í Pennsylvaníu, ferðaðist svo til Evrópu og las frönsku og þýsku í Aix-en-Provence, München og Berlin. Hann lauk mastersgráðu við Yale-háskóla og skrifaði doktorsritgerð við sama skóla um franska heimspekinginn og rithöfundinn Jean-Paul Sartre sem síðar var gefin út á bók, *Sartre: Uppruni stíls* (*Sartre: The Origins of a Style*, 1961), og var eitt af fyrstu ritunum um Sartre sem kom út á ensku. Nú er Jameson prófessor við bókmenntafræðideild Duke-háskóla í Norður-Karólínu.

Eins og svo margir af hans kynslóð varð Jameson fyrir miklum áhrifum af vinstribylgjunni sem reið yfir á sjöunda áratugnum og andstöðunni gegn Víetnam-stríðinu sem henni fylgdi. Á þessum tíma las Jameson marxískar bókmenntakenningar ofan í kjölinn og skrifaði í framhaldinu tvær bækur sem komu út í byrjun áttunda áratugarins, *Marxismi og form* (*Marxism and form*, 1971) og *Fangelsitungumálsins* (*The Prison-House of Language*, 1972). Í þeirri fyrri fjallaði Jameson um hugmyndir manna sem kenndir hafa verið við vestrænan menningarmarxisma, og Jameson kallar sjálfur díalektíska hugsuði, þ.e. manna á borð við Theodor W. Adorno, Ernst

Bloch, Walter Benjamin, Herbert Marcuse og Georg Lukács auk Jean-Paul Sartre og gerði þannig tilraun til að tengja franskan og þýskan marxisma. Í bókinni setur hann fram hugmyndir sínar um mikilvægi þess að greina form bókmenntaverka, enda sé formið ekki aðeins búningur utan um efni verkanna heldur megi finna í því merkingu og hugmyndafræði sem verði að taka tillit til.

Í *Fangelsi tungumálvins* gagnrýndi Jameson kenningar strúktúralismans og rússneska formalismans fyrir söguleysi og lagði áherslu á að menningarafurðir verði ekki aðgreindar frá sögulegu og efnahagslegu samhengi sínu. Þar fæst Jameson í fyrsta skipti við hugmyndir franska sálgreinandans Jacques Lacan sem áttu eftir að hafa afgerandi áhrif á þróun bókmenntakenninga hans. Jameson tekur upp þrískiptingu sjálfverunnar hjá Lacan í *hið Táknræna*, *hið Ímyndaða* og *Raunina* og færir yfir á afurðir menningarinnar þar sem, eins og Jameson segir í grein sinni „Hið ímyndaða og hið táknræna hjá Lacan“ („Imaginary and Symbolic in Lacan“, 1977), *Raunin* er „einfaldlega sagan sjálf“.<sup>1</sup> Jameson skilgreinir *Raunina* sem hliðstæðu sögulegrar efnishyggju marxismans. *Sagan* er, eins og *Raunin*, hið ótákngeranlega, það sem ómögulegt er að ná utan um og verður ekki sett á blað. Engu að síður er sífellt reynt að tákngera hið ótákngeranlega: Það eru jafnvel skrifaðar bækur um söguna, jafnvel bækur eins og *Saga Íslands* sem reyna að ná utanum 1000 ára sögu þjóðar eða landsvæðis. Í því samhengi væri hægt að segja að *Saga Íslands* sé á sviði *hins Ímyndaða*, hugmyndin sem Íslendingar hafa um sig sjálfa sem einingu, afmarkaða heild, sjálfstæða og samstæða, hugmyndir sem þeir hafa um uppruna sinn og stöðu í stærra samhengi, þ.e. *hinu Táknræna*. Þessar hugmyndir tengir Lacan ávallt nokkurskonar blekkingu sem hylur undirliggjandi þversagnir sjálfverunnar og í dæminu af sögu Íslands væru það, frá marxísku sjónarhorni, hin undirliggjandi stéttaátök sem blekkingin um að íslenska þjóðin sé samstæð heild reynir að fela.

Það er svo með útgáfu bókarinnar *Hin pólitíska dulvitund* (*The Political Unconscious*, 1982) sem Jameson stígur fram sem *fullmótaður* kenningasmiður og kynnir til leiks sína eigin sérstöku tegund af marxisma.<sup>2</sup> Á fyrstu blaðsíðu bókarinnar er að finna hið fræga slag-

1 Fredric Jameson, „Imaginary and Symbolic in Lacan“, *Yale French Studies* (55/56, 1977), bls. 338–395.

2 Sean Homer, *Fredric Jameson: Marxism, Hermeneutics, Postmodernism*, New York: Routledge, 1998, bls. 36.

orð um að alltaf skuli skoða afurðir menningarinnar í ljósi sögunnar („Always historicize“), það sé fyrsta og mikilvægasta boðorð díalektískrar hugsunar og aðalboðskapur bókarinnar sjálfar.<sup>3</sup> Hér verður þó að hafa í huga að ekki er átt við að menningarafurðir eða textar séu meðhöndluð eins og einhverskonar dæmi um stærra samhengi og því síður sem spegilmynd veruleikans sem verkið sprettur úr. Eins og áður sagði er söguhugtak Jamesons tengt því hvernig *Raunin* býr ávallt í tungumálinu. Í bókinni teflir Jameson saman ólíklegustu hugsuðum, allt frá Althusser og sálgreiningu Freuds og Lacans til hinnar þýsku hefðar marxismans, frá frönskum strúktúralisma til fyrirbærafræðinnar. Í bókinni tekst Jameson einnig á við tiltölulega nýlega strauma póst-strúktúralisma og póst-marxisma á þeim tíma, auk andstöðu í anda Nietzsches við túlkun sem kemur fram í verkum manna á borð við Deleuze og Guattari, Derrida og Lyotard. Þrátt fyrir að gangast við því að sagan birtist alltaf sem texti, t.d. *Saga Íslands*, og að táknið þeirrar sögu sé ekki til, heldur vísi hún ekki í neitt annað en aðrar tákmyndir, heldur Jameson því fram, að *sagan sjálf* sé það samt sem áður ekki: „sagan er ekki *texti*, ekki frásögn, hvorki herrafrásögn (e. *master narrative*) né nokkur önnur.“<sup>4</sup>

Það er hin pólitíska dulvitund sem geymir söguna, þar býr hinn bældi veruleiki stéttabaráttu sem liggur allri sögunni að baki, og þar með öllum afurðum hennar, öllum menningarafurðum, bókmenntum sem og öðrum. Hlutverk gagnrýnnar er að afhjúpa þennan veruleika með túlkun. Til þess leggur Jameson fram aðferð túlkunarfræðilegs marxisma, það sem hann kallar ýmist díalektíska gagnrýni eða stór-skýringu (e. *metacommentary*).<sup>5</sup> Jameson svarar þeirri gagnrýni sem kom fram meðal póststrúktúralista á stórsögu (e. *meta-narrative*) með því að setja fram sína eigin tegund af stórsögu sem byggir ekki á neinni gefinni hugmynd um manninn eða eðli hans, er andhúmanísk og án hverskonar yfirskilvitlegrar hugmyndar um merkingu. Eða eins og Jameson segir „skiptir það sköpum hjá Marx að sjónarhorn hans gerir ekki ráð fyrir mannlegu eðli; það er hvorki byggt á eðlishyggju né er það sálfræðilegt; það byggir ekki á neinum grundvallarhvötum, ástríðum eða syndum eins og

3 Fredric Jameson, *The Political Unconscious: Narrative as a Socially Symbolic Act*, Ithaca: Cornell University Press, 1981, bls. 9.

4 Sama rit, bls. 35.

5 Sjá Fredric Jameson, „Metacommentary“, *PMLA* (86:1, 1971), bls. 9–18.

ágirni, valdafíkn, græðgi eða stolti. Greining Marx er strúktúralísk og er fullkomlega samrýmanleg tilvistarspeki, konstruktivismi eða and-eðlishyggu og póstmóðernískum skoðunum í samtímanum sem útiloka að gengið sé út frá einhvers konar fyrirframgefnum hugmyndum um mannseðli.<sup>6</sup>

Í *Hinni pólitísku dulvitund* má því segja að Jameson takist á við gagnrýni á marxisma sem komið hafði fram á 8. áratugnum og lagði áherslu á kyn, kynþætti og kyngervi. Gegn henni færir hann þau rök að aðeins marxismi, með áherslu sinni á sögu og efnahag, geti sett alla þessa hluti í samhengi og gefið okkur heildarskýringu sem nær út fyrir það takmarkaða sjónarhorn sem þessi rannsóknarsvið veita okkur. Aðeins marxismi getur gefið okkur þá heildarsýn á samtíma okkar, veröld alheims- eða síðkapítalismans, sem er nauðsynleg, ef við eigum að vera fær um að meta gildi og annmarka þessa heims, og ennfremur, ef við eigum að geta haft pólitísk áhrif á umhverfi okkar.

Díalektísk gagnrýni Jamesons er ólík hefðbundinni gagnrýni á hugmyndafræði. Það er ekki nóg að afhjúpa þá *falsvitund* sem menningarlegar afurðir bera með sér, hvernig þær blekkja áhorfendur og fá þá til að gleyma eynd og volæði lífsins. Díalektísk greining verður einnig, samkvæmt Jameson, að gera þeirri virkni hugmyndafræðinnar skil sem Terry Eagleton segir miklu fremur felast í því „hvernig við föðmum að okkur hlekkina en því hvernig við trúum“, þeirri ánægju sem hugmyndafræðin og afurðir hennar veita okkur.<sup>7</sup> Í samræmi við þetta hefur Jameson lagt mikla vinnu í að greina hugmyndafræðilega virkni fjöldamenningar, m.a. Hollywood-kvikmynda. Jameson skýrir þessa virkni hugmyndafræðinnar m.a. á þá leið að til þess að ná til fólks verði afurðir menningarinnar að búa yfir ákveðinni útópískri þrá sem lokki fólk með sér, veiti því það sem hann kalla óramútur (e. *fantasy bribe*).<sup>8</sup>

6 Fredric Jameson, „The Politics of Utopia“, í *New Left Review* 25 (jan.–feb. 2004), bls. 35–54. Hér bls. 37.

7 Terry Eagleton, *Figures of Dissent*, London, New York: Verso, 2003, bls. 198. Hér er Eagleton reyndar að lýsa kenningum Slavoj Žižek en það kemur ekki að sök því Žižek og Jameson byggja báðir á svipuðum grunni, gagnrýni á hugmyndafræði undir áhrifum frá Lacan og Althusser.

8 Sjá Fredric Jameson, „Reification and Utopia in Mass Culture“, *Social Text* (1, Winter 1979), bls. 130–148.

Þekktasta verk Fredrics Jameson er án efa ritgerðin „Póstmóðernismi eða menningarleg rökvísi síðkapítalismans“ („Postmodernism, or, The Cultural Logic of Late Capitalism“, 1984, 1991).<sup>9</sup> Ritgerðin er í raun rökrétt framhald af fyrri verkum Jamesons enda reynir hann í henni að setja fram stórsögukennda skýringu á ákveðnum breytingum sem hann greinir í bókmenntum og öðrum menningarafurðum á síðari hluta 20. aldar. Margir höfðu fjallað um póstmóðernisma í listum á undan honum, í ljóðlist, arkitektúr, kvikmyndum o.fl., en alltaf með það að leiðarljósi að lýsa ákveðnum stíleinkennum póstmóðernismans. Jameson var aftur á móti fyrstur til þess að setja fram heildstæða sögulega kenningu um fyrirbærið. Hann staðsetur póstmóðernisma með hliðsjón af kenningum Ernests Mandel um stig kapítalískrar þróunar þar sem póstmóðernismi er menningarleg hlið nýs skeið kapitalismans sem hann kallar, líkt og Mandel, síðkapítalisma. Þetta skeið einkennist af miklum breytingum í framleiðslu, fækkun hefðbundinna verksmiðjustarfa á Vesturlöndum og gífurlegri aukningu á menningarlegri framleiðslu, þ.e. framleiðslu á ímyndum.

Jameson leggur ríka áherslu á að hafna bæði „móralskri fordæmingu á hinu póstmóðerníska“ (bls. 291), sem fram hafði komið bæði frá vinstri og hægri,<sup>10</sup> sem og ofurjákvæðum fögnuði vegna tilkomu

9 Útgáfusaga ritgerðarinnar er nokkuð flókin. Fyrstu drög hennar birtust undir titlinum „Postmodernism and Consumer Society“ árið 1982 í greinasafninu *The Anti-Aesthetic*, (ritstj. Hal Foster) Seattle: Bay Press, 1983, bls. 111–125. Sú grein var síðan aukin og endurbætt fyrir birtingu undir titlinum „Postmodernism, or, The Cultural Logic of Late Capitalism“, í *New Left Review* 146 (júl.–ág. 1984), bls. 59–92, sem síðan var birt með nokkurn veginn sama sniði í bók með sama nafni árið 1991 og er það sú útgáfa sem þýðingin hér er gerð eftir. Enn ein útgáfa ritgerðarinnar birtist svo í safnritinu *Postmodernism and its Discontents* (ritstj. E. Ann Kaplan), London: Verso, 1988, bls. 13–29 undir upprunalega titlinum „Postmodernism and Consumer Society“. Þar hafði kaflinn um geðklofa og tungumálaljóðlist hins vegar verið felldur burt og kaflinn um Westin Bonaventure-hóтелиð í Los Angeles úr *New Left Review* útgáfunni settur í staðinn. Þessi gerð var einnig endurbirt í greinasafni Jamesons, *The Cultural Turn*, London: Verso, 1998, bls. 1–20.

10 Íslensku samhengi mætti segja að 10 greina flokkur Kristjáns Kristjánssonar, „Tíðarandi í aldarlok“, sem birtist í *Leubók Morgunblaðsins*, 6. sept.–8. nóv. 1997, og er endurbirtur í greinasafni hans *Mannkostir* (Reykjavík: Háskólaútgáfan 2002), bls. 171–222, sé dæmi um þesskonar fordæmingu

hans.<sup>11</sup> Til þess að komast handan þessarar tvíhyggju, fordæmingar og fögnuðar, leggur Jameson til hina díalektísku aðferð Marx, þ.e. „að gera hið ómögulega, nefnilega að hugsa um þessa þróun á jákvæðan og neikvæðan hátt á sama tíma ... að framkvæma með öðrum orðum þá hugsun sem væri fær um að ná utan um samtímis og í einni hugsun bæði hin sannarlegu mein kapitalismans og um leið þann óviðjafnanlega og frelsandi kraft sem hann býr yfir“ (bls. 292).

Samkvæmt Jameson snýst breytingin frá módernisma yfir í póstmódernisma ekki um stíl. Muninn er miklu fremur að finna í nýrri tegund dýptarleysis sem einkennist af pastís (e. *pastiche*) eða stælingu, frekar en paródíu.<sup>12</sup> Í póstmódernisma verður sagan að ímyndum, staðalmyndum sem byggja á nostalgíu og engin tilraun er gerð til að skilja sögulega þróun. Þessa upplausn tímans skýrir Jameson með hugmyndum Lacans um geðklofann og getuleysi hans til að greina samhengi táknmiðs- og myndar. Í kjölfarið getur póstmódernísk menning engan veginn náð utan um alltumlykjandi kerfi kapitalismans og hefur því misst allt gagnrýnið inntak. Virkni hennar felst þvert á móti í því að koma í veg fyrir að fólk nái áttum, átti sig á umhverfi sínu, eins og t.d. kemur fram í lýsingu Jamesons á rými Westin Bonaventure-hótelsins í Los Angeles. Söguleysi póstmódernismans, upplausn tímans, veldur því að illmögulegt er að ná áttum í heimi síð-kapitalismans, nær ómögulegt er að ná heildarsýn á hann. Í þessu samhengi kemur hugtakið „hugræn kortagerð“ (e. *cognitive mapping*) til skjalanna sem lýsir þeirri hugmynd sem fólk hefur um stöðu sína innan alheimskerfis auðmagnsins sem umlykur allt. Hugtakið vísar til greiningar Althussers á hugmyndafræði sem „mynd af ímynduðum tengslum einstaklinga við raunveruleg tilvistarökil-

frá hægri en nýlegri bók Einars Mús Jónssonar, *Bréf til Maríu*, Reykjavík: Ormstunga, 2007, sé samskonar fordæming frá vinstri.

- 11 Ef til vill má vísa til skrifna Sigurðar Gylfa Magnússonar í þessu samhengi. Sjá nýlegt dæmi í niðurstöðukafla greinasafnsins *Frá endurskoðun til upplausnar*: Híla Gunnarsdóttir, Jón Þór Pétursson og Sigurður Gylfi Magnússon, „Minning dauðans: Tryggvi V. Línal og upplausn formsins“, *Frá endurskoðun til Upplausnar*, Reykjavík: Miðstöð einsögurannsókna, Reykjavík/Akademían, 2006, bls. 373–412.
- 12 Sjá umfjöllun Ástráðs Eysteinnssonar um mismunandi afstöðu til póstmódernisma og tengingu hans við módernisma í „Hvað er póstmódernismi?: Hvernig er byggt á rústum“, í *Tímarit Máls og menningar* (49:4, 1988), bls. 425–454. Endurbirt í *Umbrot: Bókmenntir og nútími*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999, bls. 369–401.

yrði þeirra<sup>13</sup> og lýsir því hvernig afurðir póstmódernískrar menningar, eins og t.d. sæberpönk, birti okkur hugmyndafræði síðkapítalismans í hnotskurn í vanmáttugum tilraunum sínum til að mynda hugræn kort af þessum óskiljanlega heimi. Jameson hefur samt sem áður trú á nauðsyn þess að kortleggja heiminn þrátt fyrir nær óyfirstiganglegar hindranir á veginum. Hann leggur áherslu á að ef við eigum að vera fær um að takast á við síðkapítalismann sé nauðsynlegt að mynda sér hugræn kort af honum. Þá fyrst getum við, eins og Jameson segir í lokaorðum ritgerðarinnar, „farið að ná utan um stöðu okkar sem einstaklinga og sem hluta af stærri heild og endurheimt getu okkar til að vinna og berjast en hún er sem stendur lömuð vegna þess hve áttavillt við erum, bæði rúmfræðilega sem og félagslega.“<sup>14</sup>

Frá upphafi ferils síns hefur Jameson aðgreint sig frá meginstraumi bandarískrar bókmenntarýni og sótt innblástur til evrópskrar hefðar gagnrýninnar kenningar. Meira að segja í stílbrögðum hans virðist birtast löngun til að aðgreina sig frá samlöndum sínum. Hinar löngu og oft og tíðum erfiðu setningar hans skera sig frá þeirri hefð bandarískra fræðimanna að skrifa einfaldan og aðgengilegan texta. Í þýðingunni sem hér birtist hefur verið reynt að halda þessum stíleinkennum eftir fremsta megni og þar hefur verið farið eftir leiðbeiningum Jamesons sjálfs sem, í aðfaraorðum að bók sinni um Adorno, segir að „þýðandi eigi að leyfa tungumáli sínu að verða fyrir sterkum áhrifum af frummálinu.“<sup>15</sup> Þannig hefur „þýðing“ og staðfæring evrópskra hugmynda yfir á amerísku í verkum Jamesons tekið með sér hluta af áhrifum frumtextanna eins og sjá má í stíl Jamesons. Ennfremur væri erfitt að réttlæta það að skera niður hinar löngu setningar Jamesons með það fyrir augum að laga þær að „góðri“ íslensku á þeirri forsendu að langar undirskipaðar setningar tíðkist ekki í íslenskri málhefð, vegna þess að það tíðkast heldur ekki að skrifa slíkar setningar í ensku.

Magnús Þór Snæbjörnsson

- 13 Sjá Louis Althusser, „Hugmyndafræði og hugmyndafræðileg stjórnataka ríkisins (rannsóknarpunktur)“, í þessu riti, bls. 206.
- 14 Fredric Jameson, „Póstmódernismi eða menningarleg rökvísi síðkapítalismans“, bls. 301.
- 15 Fredric Jameson, *Late Marxism: Adorno, or, The Persistence of the Dialectic*, London: Verso, 1990, bls. ix.